

<p><b>Áfangi</b></p> <p><b>SAGA1GS02 – Garðyrkjusaga</b></p>	<p><b>Einingar</b> <b>2 fein</b></p>	<p><b>Hæfniprep</b> <b>1</b></p>
<p><b>Lýsing</b></p> <p>Farið er yfir upphaf jarð- og akuryrkju í heiminum og hvernig garðyrkja hefur smám saman þróast. Garðyrkjusaga Evrópu með áherslu á hallar- og klausturgarða. Garðyrkjusaga Íslands frá landnámi til nútíma. Helstu frumkvöðlar í íslenskri garðyrkju. Saga lífrænnar ræktunar sem sérstakrar ræktunarstefnu. Saga garðyrkjuframleiðslu á Íslandi. Menntakerfi garðyrkjunnar. Þróun félags- og stoðkerfis garðyrkjunnar</p>		
<p><b>Forkröfur</b></p> <p>Almennar forkröfur garðyrkjunáms</p>		
<p><b>Þekkingarviðmið</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Upphafi og þróun jarð- og akuryrkju í heiminum.</li> <li>• Þróun garðyrkju út frá jarðyrkju.</li> <li>• Helstu atriðum í garðyrkjusögu Evrópu, einkum hallar- og klausturgörðum og mikilvægi þeirra.</li> <li>• Upphafi garðræktartilrauna á Íslandi.</li> <li>• Áhrifum helstu frumkvöðla í garðyrkju á þróun fagsins.</li> <li>• Sögu lífrænnar ræktunar sem ræktunarstefnu.</li> <li>• Þróun garðyrkjuframleiðslu (ylræktar og</li> </ul>	<p><b>Hæfniviðmið</b></p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjalla um þróun jarð- og akuryrkju og mótandi áhrif hennar á garðyrkju í heiminum, metið með kynningum og rökstuðningi.</li> <li>• Gera sér grein fyrir áhrifum evrópskrar garðyrkjusögu á íslenska ræktunarsögu gegnum tíðina, metið með rökstuðningi og kynningum.</li> <li>• Taka þátt í umræðum um áhrif fyrstu ræktunartilrauna og frumkvöðla í ræktun á Íslandi á þróun fagsins, metið með</li> </ul>	

<p>garðplöntuframleiðslu) á Íslandi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Félags- og stoðkerfi garðyrkunnar.</li> <li>• Menntamálum í garðyrkju.</li> </ul>	<p>rökstuðningi og rökræðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Rökræða mismunandi ræktunarstefnur út frá sögulegum forsendum, metið með rökstuðningi.</li> <li>• Gera sér grein fyrir því hvernig félags- og stoðkerfi garðyrkjuframleiðslu og menntakerfið styður við fagið og vinnur að framþróun þess, metið með rökstuðningi og rökræðum.</li> </ul>
<p><b>Leikniviðmið</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Greina áhrif jarðyrkju á garðyrkju í heiminum.</li> <li>• Skoða hvaða áhrif garðyrkjusaga Evrópu hefur haft á Íslandi gegnum tíðina.</li> <li>• Meta hvaða áhrif fyrstu garðræktartilraunir höfðu á framhaldið í garðyrkju.</li> <li>• Skilja mikilvægi frumkvöðla í garðyrkju á umhverfi sitt og fagið.</li> <li>• Leita sér upplýsinga um mismunandi ræktunarstefnur og sögu þeirra.</li> <li>• Skoða þróun garðyrkjuframleiðslu í samhengi við þróun í menntamálum í garðyrkju.</li> </ul>	
<p><b>Námsmat</b></p> <p>Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf.</p>	

**Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)**

Kennt er með fyrirlestrum, umræðutímum og kynningum nemenda. Nemendur vinna verkefni í faginu.

**Tenging við grunnþætti**

Sjálfbærni: Saga garðyrkju er öðrum þræði saga sjálfbærni.

Læsi: Nemendur læra að lesa umhverfi sitt og setja það í sögulegt samhengi.

Lýðræði og mannréttindi: Þróun garðyrkju hefur tengst sjálfstæði manna til að sjá sér og sínum farborða en í dag eru það talin sjálfsögd mannréttindi.

**Dags.:** 19.6.2013

**Höfundur:** Guðríður Helgadóttir

## GARÐYRKJUSAGA SAGA1GS02 - HAUST 2024 - KENNSLUÁÆTLUN

Vika	Dags.	Tími	stofa	Viðfangsefni
1	fös 30.ágúst	12:45-15:45	stofa 2	Kynning á áfanganum. Upphafið. Ræktun á nýsteinöld, Frjósami hálfmáninn, Landbúnaðarbyltingin
2	þri 3.sept	12:45-14:10	stofa 2	Staða ræktunar á tíma Rómaveldis, áhrif Rómaveldis á evrópska garðyrkju
3	fim 12.sept	09:00-12.00	stofa 2	Garðrækt í Skandinavíu á Landnáms- og söguöld. Staða garðræktar í Skandinavíu og Bretlandseyjum við landnám.
4	þri 17.sept	12:45-14:10	stofa 2	Garðrækt í Skandinavíu á Landnáms- og söguöld, frh. Áhrifaþættir á garðrækt á Norðurlöndum á 9.öld
5	þri 24.sept	12:45-14:10	stofa 2	Lotuvika- efni ákveðið síðar
6	þri 01.okt	12:45-14:10	stofa 2	Upphaf ræktunar á Íslandi. Aðstæður til ræktunar á landnámsöld. Vísbendingar um garðyrkju á fyrstu öldum
7	þri 08.okt	14:15-15.45	stofa 2	Vísi-Gíslí og frumkvölastarf hans á 17. öld
8	haustfrí			haustfrí- engin kennsla í áfanganum
9	þri. 22.okt	12:45-14:10	stofa 2	18. öldin, öld framfara. Árangur af garðræktarátaki stjórnvalda, þróun garðyrkju til loka 19. aldar
10				lotuvika- engin kennsla á áfanganum
11	þri 5.nóv	12:45-14:10	stofa 2	Chierbeck landlæknir, Einar Helgason ofl. Garðyrkja við upphaf 20. aldar
12	þri 12.nóv	12:45-15:45	stofa 2	Þróun ylræktar á fyrri hluta 20. aldar. Fyrstu gróðurhúsin og þróun þeirra
13	þri 19.nóv	12:45-15:45	stofa 2	Sölu- og dreifingarmál fyrstu áratuginna, félagskerfi garðyrkjunnar, yfirferð efnis
14	þri 26.nóv	09:00-12.00	stofa 2	Yfirferð efnis
15	þri 3. des	09.00-12.00	stofa 2	próf

Kennari: Ingólfur Guðnason

Námsefni: Efni frá kennara, glósur úr tímum og vettvangsferðum

Athugið að kennsluáætlunin getur tekið breytingum!

Námsmat: Lokapróf, heimaverkefni, tímaverkefni, skýrslur úr vettvangsferðum. Til að ná námskeiði þarf að ná einkunn amk 4,5 í öllum þáttum

Vægi: verkefni alls 40%, lokapróf 60%